

Afbrotatölfræði

Nóvember 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir nóvember 2009. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Alls voru skráð tæplega 6.000 hegningarlaga- umferðarlaga- og fíkniefnabrot í nóvember. Hegningarlagabrotin voru 1.168 eða 19%, umferðarlagabrotin 4.706 (79%) og fíkniefnabrotin 119 (2%). Hegningarlagabrotum fækkaði um 19% en umferðarlagabrotum fjölgaði um 19% og voru þau rúmlega 700 fleiri í ár en í fyrra. Fíkniefnabrotum fækkaði um 10% (mynd 1).

Þegar litið er til helstu brotaflokka er fækkun milli ára í flestum þeirra nema hraðakstursbrotum, áfengislagabrotum og nytjastuldi (tafla 1). Hraðakstursbrot voru 3.809 sem er um 1.000 brotum fleiri en árið á undan en þá voru þau óvenju fá. Áfengislagabrotum fjölgar um 29% og nytjastuldi um 10%. Innbrotum fækkaði um 13% og þjófnuðum um 22%. Brotum vegna ölvunar við akstur fækkar verulega eða um 33% og líkamsárásur um 30%.


Þegar horft er til fjölda ölvunarakstursbrota á síðustu 12 mánuðum (des. 08 - nóv. 09) þá voru skráð 1.468 brot eða 122 að meðaltali í hverjum mánuði. Karlar voru 81% þeirra sem gerðust brotlegir og konur 19%. Flest brot voru skráð yfir sumarmánuðina og 39% þeirra sem gerðust brotlegir voru á aldrinum 20-29 ára. Yngstu öllumennirnir voru 15 ára og þeir elstu yfir áttrætt (mynd 2).



Mynd 1. Fjöldi brota í nóvember 2005-2009 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í nóvember 2007, 2008 og 2009.

	Nóv. 09	Nóv. 08	Nóv. 07
Hraðakstursbrot	3.809	2.826	3.917
Þjófnaðarbrot	386	498	254
Eignaspjöll	244	267	224
Innbrot	250	289	167
Ölvun við akstur	102	153	155
Fíkniefnabrot	119	133	133
Áfengislagabrot	66	51	86
Líkamsárás (217.-218. gr.)	78	111	111
Akstur gegn rauðu ljósi	42	47	82
Nytjastuldur	43	39	55



Mynd 2. Hlutfallslega skipting aldurs í ölvunarakstursbrotum frá desember 2008 - nóvember 2009.

Afbrotatölfræði

Nóvember 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í nóvember 2007, 2008 og 2009 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2009	2008	2007	2009	2008	2007	2009	2008	2007
Akranes	27	24	13	84	57	257	3	2	3
Akureyri	63	66	64	71	71	142	12	18	6
Blönduós	1	0	1	33	34	77	0	0	0
Borgarnes	17	18	21	385	75	1.537	2	0	4
Eskifjörður	14	12	13	60	38	46	0	0	0
Húsavík	6	6	4	12	23	27	0	3	0
Hvolsvöllur	7	3	6	68	65	111	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	847	1.089	777	2.137	3.029	2.380	80	66	97
Sauðárkrókur	3	3	1	11	8	82	0	1	1
Selfoss	69	69	54	1.694	99	151	7	7	5
Seyðisfjörður	5	8	6	17	21	94	0	1	0
Snæfellsnes	4	2	4	17	19	179	0	0	0
Suðurnes	95	111	67	77	396	395	13	22	15
Vestfirðir	7	14	12	32	29	96	1	1	1
Vestmannaeyjar	3	14	7	8	6	5	1	11	1
Alls	1.168	1.439	1.050	4.706	3.970	5.579	119	132	133

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskiríði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Hegningarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 22% milli ára en þegar á heildina er litið fækkaði þeim um 19%. Fækkun varð hjá öllum embættum lögreglunnar nema á Akranesi, Eskiríði, Hvolsvelli og Snæfellsnesi.

Umferðarlagabrotum fjölgaði um 19% og voru yfir 2.000 brot skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en tæplega 1.700 á Selfossi. Þar var sérstaklega mikil fjölgun en hraðamyndavélar voru nýlega teknar í notkun í umdæminu. Veruleg fækkun umferðarlagabrota varð hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Skráð voru 119 fíkniefnabrot í nóvember sem er fækkun frá fyrra ári. Flest brotin voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri eða 88%. Fá brot voru skráð hjá öðrum embættum og engin hjá næstum helmingi þeirra. Fjöldi fíkniefnabrota í Vestmannaeyjum á árinu 2008 sker sig úr en þá voru skráð 11 brot.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. desember og eru tölur fyrir árið 2009 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.